*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 135/1786*
*komudagur 12. 3. 2008*

Alþingi
Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10i
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ,
11. mars 2008
Tilvísun: 2008030096

**Efni: Þskj. 256, 236 mál. Þingsályktun um Skipafriðunarsjóð**

Undirrituð fagnar ályktunni. Þetta er afar mikilvægt mál og löngu tímabært.
Það hefur háð verndun og viðhaldi gamalla skipa og báta hve kostnaðarsamt það er þar sem lítið og stopult fjármagn hefur fengist. Með tilkomu skipafriðunarsjóðs verður hægt að byggja upp þessa varðveislu með skipulegum og faglegum hætti. Ég vil einnig benda á að mikil þekking í skipasmíðum er enn til í landinu en þeim fer þó fækkandi sem unnið hafa með tréskip. Afar mikilvægt er að varðveita þessa þekkingu og styðja einstaklinga og hópa sem vilja sérhæfa sig í handverkinu.

Virðingarfyllst

Sigrún Ásta Jónsdóttir
forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar